



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

föstudagur, 21. september 2012

Ákvörðun nr. 19/2012

Yfirtaka Glitnis hf. og Haf Funding 2008-1 Limited á Lyfju hf.

I.

Málsatvik og málavextir

Á fundi með fulltrúum Glitnis hf. (hér eftir Glitnir), þann 5. janúar 2012, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um yfirtöku Glitnis og Haf Funding 2008-1 Limited (hér eftir Haf Funding) á Lyfju hf. (hér eftir Lyfja). Daginn eftir barst eftirlitinu svokölluð styttri tilkynning um samrunann ásamt því að óskað var eftir undanþágu frá því að samruni komi ekki til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjalli um hann, sbr. ákvæði 4. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Með bréfi, dags. 10. janúar 2012, veitti Samkeppniseftirlitið umbeðna undanþágu. Að mati Samkeppniseftirlitsins var nauðsynlegt að óska eftir lengri tilkynningu, sbr. 2. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga og var það gert með bréfi, dags. 13. janúar 2012. Þann 2. mars barst eftirlitinu fullnægjandi tilkynning um breytt yfirráð Lyfju, sbr. reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Frestir Samkeppniseftirlitsins skv. 17. gr. d. samkeppnislaga til þess að rannsaka samrunann hófust því þann 5. mars 2012.

Þann 10. apríl sl. tilkynnti Samkeppniseftirlitið aðilum með bréfi að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans.

Við rannsókn málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað ýmissa gagna. Þá hafa starfsmenn Samkeppniseftirlitsins m.a. átt viðtöl við fulltrúa aðila á markaðnum. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar og viðhorf þessara aðila skipta máli fyrir athugun málsins er þeirra getið í ákvörðun þessari.

Viðræður Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila hafa leitt til þess að þeir hafa gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að samruna þessa máls eru sett skilyrði en nánar er vikið að þeim í niðurstöðukafla ákvörðunar þessarar.



II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Getur slík breyting m.a. falið í sér að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, ná beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti.

Glitnir hf. er fyrrverandi viðskiptabanki sem nú er í slitameðferð, en Fjármálaeftirlitið afturkallaði viðskiptabankaleyfi Glitnis í júlí 2011. Glitnir er eigandi að meirihluta hlutafjár Íslandsbanka, en Samkeppniseftirlitið setti eignarhaldi Glitnis banka á Íslandsbanka skilyrði, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 48/2009, *Yfirtaka Glitnis banka hf. á Íslandsbanka hf.*

Samkvæmt samrunaskrá er Haf Funding írskt félag hvers megintilgangur sé að halda utan um lánasamninga sem upprunalega voru í Glitni. Nánar tiltekið sé félagið í eigu sk. „beneficial trusts“ og sé því nokkurs konar sjálfseignarstofnun. Samkvæmt samningi sé rekstur félagsins og umsjón eigna þess í höndum Glitnis, en auk þess eigi Glitnir nú alla fjárhagslega hagsmuni Haf Funding. Telja samrunaaðilar að í samkeppnislegum skilningi sé rétt að líta svo á að Glitnir fari með full yferráð yfir Haf Funding enda fari Glitnir með alla fjárhagslegu hagsmuni félagsins auk þess að sjá um rekstur þess.

Fram kemur í samrunaskrá að Lyfja hf. hafi verið stofnað árið 1995 og sé fyrirtæki í smásölu lyfja, heilsuvara og skyldra vara. Fyrirtækið rekur í dag fjölmargar verslanir og afgreiðslustaði undir merkjum Lyfju, Apóteksins, Heilsuhússins og Lyfjalausna.

Þá segir að aðdragandi samrunans hafi verið sá að Lyfja hafi ekki getað staðið við skuldbindingar sínar við Haf Funding og því hafi félagið farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Viðræður við hluthafa hafi leitt til þeirrar niðurstöðu að Haf Funding, Glitnir og Árkaup hafi gert með sér rammisamkomulag, en í því felist að Haf Funding (eða íslenskt dótturfélag þess) eignist 92,5% hlut í Lyfju, en Árkaup haldi eftir 7,5% hlut.

III.

Niðurstaða

Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að samruninn feli ekki í sér samkeppnislega röskun. Sé um að ræða yfirtöku félags í slitameðferð á rekstrarfyrirtæki sem sérhæfi sig fyrst og fremst í smásölu á lyfjum, heilsuvöru og skyldri vöru. Ljóst sé að önnur félög í eigu Haf og Glitnis tengist lyfjamarkaði ekki. Leiði samruninn því ekki til samkeppnislegrar samþjöppunar á lyfjamarkaði né samkeppnislegra hagsmunaárekstra.

Þá er það mat samrunaaðila að þau fordæmi sem Samkeppniseftirlitið hafi stuðst við vegna yfirtöku banka eða lífeyrissjóða á félögum, eigi ekki við um þennan samruna. Leiði það af nokkrum staðreyndum. Í fyrsta lagi hafi Glitnir ekki með höndum hefðbundinn rekstur líkt og viðskiptabankar, lífeyrissjóðir eða önnur sambærileg starfsemi. Glitnir sé félag í slitameðferð og Fjármálaeftirlitið hafi afturkallað bankaleyfi þess. Þannig sé ekki hætt á hagsmunaárekstrum vegna viðskiptavina þar sem þeim sé ekki til að dreifa. Í öðru lagi ætti ekki að vera hætt á að Glitnir haldi á eignarhlut sínum óeðlilega lengi



enda innbyggðir hvatar fyrir félag í slitameðferð að hámarka virði á hverjum tíma. Í þriðja lagi eigi ekki að vera hagsmunaárekstrar við Íslandsbanka. Jafnframt vilji samrunaaðilar benda á að slík ætluð staðreynd að Glitnir gæti haldið á hlut sínum óeðlilega lengi, ásamt fjárhagslegum styrk, geti ekki, eitt og sér, verið nægilegt til íhlutunar Samkeppniseftirlitsins í samrunamáli. Ekki verði séð að framangreint, ef rétt væri, gæti falið í sér slíka röskun á samkeppni að heimilt væri að setja því skorður með íhlutun Samkeppniseftirlitsins.

Þessu mati samrunaaðila er Samkeppniseftirlitið ekki sammála. Líkt og fram kom í umræðuskjali Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009, *Bankar og endurskipulagning fyrirtækja – Stefnumörkun*, eiga margar þær athugasemdir sem við eiga um yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum í kjölfar efnahagshrunsins einnig við þó kröfuhafar bankanna muni að einhverju leyti taka við eignarhaldi þeirra. Þá muni breyting á eignarhaldi bankanna ekki breyta því að ákvarðanir þeirra um framtíð fyrirtækja muni geta haft miklar afleiðingar fyrir samkeppni á viðkomandi mörkuðum. Þá bendir Samkeppniseftirlitið á að í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009, *Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*, einskorðaði áfrýjunarnefnd samkeppnismála niðurstöðu sína ekki við eignarhald banka:

*„Að mati áfrýjunarnefndarinnar skapast ýmis konar hættu á röskun á samkeppni ef ekki eru settar skorður við langvarandi eignarhaldi lánardrottna **á borð við banka** [leturbr. Samkeppniseftirlitið] að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði. Sú röskun getur strítt gegn markmiðum samkeppnislaga og þar með hagsmunum neytenda ef fyrirtæki getur athafnað sig á markaði án eðlilegs aðhalds frá lánardrottnum sínum og eiganda. Telja verður að fjárhagslegur styrkur eigandans skipti hér máli og „þol“ hans til að bíða með að fá fjármagn sitt til baka þar til að önnur fyrirtæki á sama markaði hafa eftir atvikum veikst eða helst úr lestinni.*

Af þessu er ljóst að Samkeppniseftirlitið hefur heimildir til að grípa til íhlutunar í máli þessu á grundvelli umrædds úrskurðar.

Því til viðbótar hefur Samkeppniseftirlitið sett yfirtökum skilanefnda föllnu viðskiptabankanna á atvinnufyrirtækjum sambærileg skilyrði. Um það efni má m.a. vísa til ákvarðana Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2011, *Yfirtaka Íslandsbanka hf. og Glitnis banka hf. á Bláfugli ehf.* og nr. 6/2011, *Samruni NBI hf. og Avant hf.*, en að mati eftirlitsins gilda sambærileg sjónarmið í máli þessu, þar sem Íslandsbanki hf. er í 95% eigu ISB Holding ehf., sem aftur er í 100% eigu skilanefndar Glitnis.

Þá eru að mati Samkeppniseftirlitsins sömu hættur til staðar og við yfirtökur annarra fjársterkra aðila á atvinnufyrirtækjum, a.m.k. hættu á að Glitnir fjármagni viðvarandi taprekstur Lyfju og stjórnendur félagsins hafi ekki sömu hvata og áður til þess að reka fyrirtækið á sem skynsamlegastan hátt vegna svokallaðs freistnivanda. Jafnframt er hættu á að viðkvæmar rekstrarupplýsingar um keppinauta Lyfju, sem eru í viðskiptum við Íslandsbanka berist til Lyfju og öfugt í gegnum stjórnarmann ISB Holding í stjórn Íslandsbanka.



Samkeppniseftirlitið telur ljóst að byggja megi á sambærilegum sjónarmiðum í tilviki yfirtöku Glitnis á Lyfju og gert var í þeim samruna sem áfrýjunarnefndin fjallaði um í tilvitnuðum úrskurði í máli nr. 18/2009. Einnig er ljóst að þessi úrskurður áfrýjunarnefndar veitir Samkeppniseftirlitinu auknar heimildir til að fylgja eftir framangreindu umræðuskjali um banka og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja með bindandi hætti. Til þess að meta væntanleg áhrif af samrunanum er rétt að líta til stöðunnar á þeim markaði sem Lyfja starfar á. Verður vikið að því hér á eftir.

1. Markaðir sem máli skipta og staða fyrirtækja á þeim

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum. Annars vegar vöru- og þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki verið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Að mati eftirlitsins er ekki nauðsynlegt að skilgreina markaði máls þessa ítarlega.

Þó er rétt að nefna að fjallað hefur verið um markaðinn sem Lyfja starfar á í ýmsum ákvörðunum og skýrslum Samkeppniseftirlitsins, þar sem smásölumarkaður lyfja hefur verið skilgreindur sem sérstakur vörumarkaður. Má t.a.m. vísa til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2006, *Samruni DAC ehf. og Lyfjavers ehf.*, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 6/2006, *DAC ehf. og Lyfjaver ehf. og Lyf og heilsa ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Í þeim úrlausnum samkeppnisyfirvalda kemur fram að á markaði fyrir smásölu lyfja séu smásölukeðjurnar Lyfja og Lyf & heilsa hf. langsamlega stærstar og hafi verið skilgreindar í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu frá árinu 2007, þar sem hvort fyrirtækið um sig hafi haft um 35-40% markaðshlutdeild á höfuðborgarsvæðinu. Þeir keppinautar sem næstir komi hafi verið með 5-10% hlutdeild hvert um sig á þessum tíma og aðrir með minni hlutdeild. Um þetta efni má einnig vísa til ákvörðunar nr. 4/2010, *Misnotkun Lyfja og heilsu á markaðsráðandi stöðu sinni*. Þar er m.a. að finna ítarlega greiningu á lyfjamarkaðnum og var þar komist að þeirri niðurstöðu að Lyf & heilsa hf. og Lyfja séu í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir smásölu lyfja á höfuðborgarsvæðinu.

Einnig er fjallað um lyfjamarkaðinn og helstu aðgangshindranir að honum í skýrslum Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – Opnun markaða og efling atvinnustarfsemi* og nr. 2/2011, *Samkeppnin eftir hrún*. Í síðarnefndu skýrslunni segir að í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu Lyfju og Lyfja & heilsu felist m.a. hætta á því að fyrirtæki utan keðjanna megi eiga von á grimmri samkeppni frá hendi lyfjakeðjanna sem þær stundi aftur á móti ekki sín á milli. Þá segir jafnframt að apótekum á höfuðborgarsvæðinu, sem standi utan stóru lyfjakeðjanna tveggja, hafi fjölgað á undanförunum árum. Minni einkaaðilar reki nú ellefu lyfjaverslanir á höfuðborgarsvæðinu, sem sé talsverð fjölgun á nokkrum árum.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða verði til þess að samkeppni



raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Af því sem að framan hefur verið rakið og þeim upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað við rannsókn málsins er ljóst að staða Lyfju á markaði fyrir smásölu lyfja er og hefur verið sterk undanfarin ár. Á grundvelli upplýsinga frá Sjúkratryggingum Íslands er ljóst að markaðshlutdeild Lyfju árin 2010-2011 var um [25-30%].¹ Á sama tímabili var Apótekið, sem er lágvöruverðsapótek í eigu Lyfju, með [4,5-5%] hlutdeild af markaðnum. Samanlagt var keðjan því með um [30-35%] af markaðnum, en hlutdeildin breyttist lítillega milli ára. Eins og að framan greinir hefur Samkeppniseftirlitið talið að Lyfja og Lyf & heilsa hafi verið í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu á höfuðborgarsvæðinu. Vegna þessa er rétt að taka fram að hlutdeild Lyfju & heilsu var á fyrrnefndu tímabili um [25-30%]. Fyrirtækið rekur einnig lágvöruverðsapótek, Apótekarann, en hlutdeild þess var [10-15%] árið 2010 og [5-10%] árið 2011. Þá reka Lyf & heilsa einnig Skiphóltsapótek.

Er því ljóst að keðjurnar tvær hafa enn mikinn markaðsstyrk, eða samtals um [60-65%] á landinu öllu. Verður að hafa í huga að næsti keppinautur á eftir hefur aðeins um [10-15%] hlutdeild og næsti þar á eftir einungis um [0-5%]. Aðrir aðilar á markaðnum eru enn minni. Við mat á þessari markaðshlutdeild verður að gera þann fyrirvara að gögnin byggja á tölum frá Sjúkratryggingum Íslands. Þau eru þess eðlis að þar er allt verð hámarksverð en eins og kunnugt er veita lyfjabúðir viðskiptavinum sínum afslátt. Í ljósi þess að lyfjakeðjurnar selja lyf að jafnaði á heldur hærra verði en verslanir einyrkja er markaðshlutdeild, eins og hún myndi mælast miðað við veltu, af þessum sökum vanmetin í ákvörðun þessari. Eigi að síður er hér byggt á traustum gögnum.

Að þessu sögðu er ljóst að stærstu lyfjakeðjurnar, þ.e. Lyfja og Lyf & heilsa eru með langstærsta hlutdeild af markaðnum, en næstu aðilar sem á eftir koma eru með mun minni hlutdeild. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að staða Lyfju á markaðnum styrkist við það að eignarhald á félaginu færast til fjársterks aðila sem orðið getur bakhjarl keðjunnar.

Með hliðsjón af því sem nú hefur verið rakið er það mat Samkeppniseftirlitsins að umræddur samruni hafi í för með sér að samkeppni verði raskað. Þá ber að líta til þess að samrunaaðilar hafa gengist undir sátt í málinu og með því fallist á það mat eftirlitsins.

2. Íhlutun

Af framangreindu leiðir að tilefni er til íhlutunar skv. 17. gr. c. samkeppnislaga vegna samrunans. Líkt og fram hefur komið hafa viðræður við Glitni og Haf Funding leitt til þess að félögin hafa fallist á að undirgangast viss skilyrði sem ætlað er að koma í veg fyrir umrædd samkeppnisleg vandkvæði og tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Lyfju og

¹ „Upplýsingar innan hornklofa [...] eru trúnaðarupplýsingar og verða því ekki birtar í ákvörðun þessari. Tölulegar upplýsingar kunna þó að vera birtar á tilteknu bili. Fjárhagsupplýsingar sem aðgengilegar eru hjá Lánstrausti (Creditinfo Ísland) eru ekki felldar út vegna trúnaðar.“



takmarka áhrif eignarhalds Glitnis á Lyfju. Samkeppniseftirlitið telur að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandkvæði sem af samrunanum stafa.

Þessu til viðbótar verður að líta til þess að Íslandsbanki er viðskiptabanki keppinauta Lyfju og býr því yfir mikilvægum trúnaðarupplýsingum. Með skilyrðum ákvörðunar nr. 48/2009, sem áður hefur verið vísað til, hefur verið tryggt að trúnaðarupplýsingar um keppinauta eða viðskiptavini félaga í eigu Glitnis eða dótturfélaga hans, sem Glitnir býr yfir eða öðlast, m.a. í gegnum eignarhald sitt á Íslandsbanka, berist ekki til þeirra fyrirtækja. Er skilyrðunum ætlað að tryggja að slíkar upplýsingar, sem Glitnir býr yfir, berist ekki til dótturfélaga. Þá er einnig girt fyrir að upplýsingar Glitnis um Lyfju geti borist áfram til keppinauta Lyfju eða viðskiptavina félagsins, sem eru í viðskiptum við Íslandsbanka.

Loks er kveðið á um að Glitnir og Haf Funding leitist við að selja eignarhlut sinn í Lyfju innan ákveðins tíma. Um þann tíma ríkir trúnaður, enda gæti hann, ef opinber bæri, haft óeðileg áhrif á söluferli og söluverð.

Ákvörðunarorð:

„Yfirtaka Glitnis banka hf. og Haf Funding Limited 2008-1 á Lyfju hf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingum samrunans:

1.

Aðgerðir gegn skaðlegum hagsmunatengslum og öðrum samkeppnishindrunum

1.1

Almennt

Markmið sáttar þessarar er að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum á lyfja- og fjármálamarkaði sem stafað geta af eignarhaldi Glitnis og Haf Funding á Lyfju.

1.2

Sjálfstæði stjórnar Lyfju

Við skipan stjórnar Lyfju skal stuðla að samkeppnislegu sjálfstæði félagsins með eftirfarandi hætti:

- a) Þeir, sem Glitnir eða Haf skipa í stjórn Lyfju, skulu vera óháðir Glitni, Haf og dótturfélögum þeirra. Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki stjórnarmaður hjá Glitni eða Haf Funding, er ekki maki stjórnarmanns eða stjórnanda hjá ofangreindum aðilum, skyldur þeim í beinan legg eða fyrsta legg til liðar.**
- b) Stjórnarmenn, sem sitja í stjórn Lyfju fyrir tilstuðlan eignarhlutar Glitnis og Hafs, skulu ekki vera tengdir keppinautum Lyfju eða 10 stærstu birgjum þess í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða beint eignarhald.**



1.3

Sjálfstæði Lyfju gagnvart eigendum

Tryggja skal sjálfstæði Lyfju á þeim mörkuðum sem félagið starfar á. Skal það meðal annars tryggt með því að:

- a) Stjórn og starfsmönnum Glitnis og Hafs er óheimilt að grípa til ráðstafana sem dregið geta úr viðskiptalegu sjálfstæði Lyfju eða takmarkað samkeppni á þeim mörkuðum sem Lyfja starfar á. Þannig er stjórn og starfsmönnum Glitnis og Hafs t.d. óheimilt að beina fyrirætlum, tilmælum eða ábendingum til stjórnarmanna eða starfsmanna sem miða að eða geta haft skaðleg áhrif á samkeppni.
- b) Viðskipti á milli Lyfju og félaga, sem eru undir yferráðum Glitnis eða Hafs eða Glitnir eða Haf eiga hlut í, skulu vera eins og á milli óskyldra aðila. Glitnir og Haf skulu ekki beina tilmælum eða reyna að hafa áhrif á hvar félög undir yferráðum Glitnis eða Hafs kaupa aðföng og/eða þjónustu.

1.4

Arðsemismarkmið vegna reksturs Lyfju undir yferráðum Glitnis og Haf Funding Rekstur Lyfju undir yferráðum Glitnis og Haf Funding skal byggður á viðskiptalegum forsendum. Það skal tryggt með þeim hætti að Glitnir og Haf Funding setji sér eigendastefnu gagnvart Lyfju sem feli m.a. í sér eftirfarandi:

- a) Glitnir og Haf Funding skulu reikna eðlilega arðsemiskröfu til Lyfju og koma henni á framfæri við stjórn félagsins. Eðlileg arðsemiskrafa þarf að vera í samræmi við þá áhættu sem fylgir fjárfestingu í hlutafé viðkomandi fyrirtækis og skal í því sambandi byggja á fjármálafræðilegum viðmiðum.
- b) Glitnir, Haf Funding og tengd félög skulu gera formlega samninga um allar lánveitingar til Lyfju vegna starfsemi félagsins, þ.m.t. til kaupa á vörubirgðum og fastafjármunum. Öll kjör og önnur fyrirgreiðsla, sem snýr að fjármögnun Glitnis, Haf Funding og tengdra félaga til Lyfju sem veitt er eftir dagsetningu sáttar þessarar, skal vera líkt og um óskylda aðila sé að ræða.

1.5

Glitnir skal gæta trúnaðar milli Lyfju gagnvart viðskiptavinum og dótturfélögum Íslandsbanka

Líkt og fram kemur í 6. gr. ákvörðunarorða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 48/2009 skal Glitnir með nauðsynlegum aðgerðum tryggja að viðkvæmar upplýsingar, sem Glitnir býr yfir eða öðlast í gegnum eignarhald sitt á Íslandsbanka eða með öðrum hætti um keppinauta eða viðskiptavini félaga í sinni eigu eða dótturfélaga þess, berist ekki til þeirra fyrirtækja.

Með sama hætti skal Glitnir með nauðsynlegum aðgerðum tryggja að viðkvæmar upplýsingar sem Glitnir býr yfir hverju sinni um Lyfju og dótturfélög þess berist



ekki til keppinauta eða viðskiptavina þeirra fyrirtækja, sem kunna að vera í viðskiptum við Íslandsbanka.

1.6

Skuldbinding stjórnarmanna og starfsmanna

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri Glitnis og Haf Funding skulu undirrita yfirlýsingu þar sem því er lýst yfir að viðkomandi hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og hann heiti því að virða þau að öllu leyti.

1.7

Söluáætlun og sölumáti

Haf Funding og Glitnir munu leitast við að selja eignarhlut sinn í Lyfju innan [...] ² eftir dagsetningu sáttar þessarar.

Söluáætlun skal liggja fyrir 30 dögum eftir dagsetningu sáttar þessarar. Skal hún uppfærð á sex mánaða fresti og send Samkeppniseftirlitinu. Í söluáætlun skal að lágmarki greina í hvaða horfi rekstur Lyfju er, hverjar aðstæður eru til sölu og hvenær og með hvaða hætti áætlað er að selja Lyfju. Glitnir mun kynna Samkeppniseftirlitinu sölufærlið áður en það fer af stað og halda eftirlitinu upplýstu á meðan því stendur.

Ef samþykktir verða nauðasamningar Glitnis formlega innan [...] ³ frá dagsetningu sáttar þessarar fellur sjálfkrafa niður ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

2.

Á meðan Glitnir á eignarhlut í Lyfju skulu eftirfarandi upplýsingar um starfsemi og rekstur Lyfju vera aðgengilegar opinberlega, t.d. á heimasíðu félagsins:

- a) Upplýsingar um skipan stjórnar Lyfju ásamt upplýsingum um forstjóra félagsins og eftir atvikum helstu stjórnendur. Þá skal upplýsa um allar breytingar á skipan stjórnar þegar þær eiga sér stað.
- b) Upplýsingar um stærð eignarhlutar Glitnis og breytingar á honum, þegar þær eiga sér stað.

3.

Brottfall skilyrðanna

Nú missir Glitnir eða Haf Funding yfirráð yfir Lyfju og skulu skilyrði þessi þá falla brott. Skal Glitnir eða Haf Funding gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir slíkum breytingum með skriflegri tilkynningu. Skal Glitni eða Haf Funding jafnframt heimilt á hverjum tímapunkti að óska eftir því að skilyrði þessi verði

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.



felld úr gildi vegna breyttra forsendna sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga að hluta eða í heild.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson